

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um Arnarhólslóðina í Reykjavík. — Með þóknanlegu brjefi frá 18. september f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað ályktun, er samþykkt var af neðri deild á síðasta alpingi, og er þar skorað á stjórnina að leigja framvegis sjerstaklega Arnarhólslóð í Reykjavík, þannig, að eptirgjaldið eptir hana renni í landssjóð. 4 31. des. 1883.

Í tilefni af þessu er eigi látið hjálíða þjónustusamlegaað tilkynna yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna, að ráðgjafinn eigi finnur neina ástæðu til að fara eptir tillögu þingdeildarinnar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lagafrumvarp alpingis um sölu á kirkjújörðinni Hömrum í Laxárdal. — Með þóknanlegu brjefi frá 14. sept. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, samþykkt af hinu síðasta alpingi, um sölu á jörðunni Hömrum í Laxárdal í Dalasýslu, sem er eign Sauðafellskirkju, og er ráðgjafanum í lagafrumvarpi þessu gefin heimild til að leyfa eiganda Sauðafells að selja kirkjújörðina Hamra, með þeim kjörum, sem nánar eru tiltekin í lagafrumvarpinu. 5 12. jan.

En með því að það heyrir eigi löggjafarvaldinu til, að veita leyfið til hinnar hjer umræddu afhendingar, en það verður, ef til þess kemur, veitt með konungsúrskurði, eins og venja er til, þá eruð þjer hjermeð, herra landshöfðingi, þjónustusamlega beðnir að gefa prestinum að Sauðafelli, sjera Jakobi Guðmundssyni til vitundar, að ef hann æski makaskipta þeirra, sem hjer er um að ræða, þá beri honum að senda bónarbrjef þarum til konungs, og láta því fylgja umsagnir hlutaðeigandi yfirvalda.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þakklæti fyrir gjafirnar frá útlöndum 1882 handa bágstöddum Íslendingum. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 9. okt. f. á., hefur ráðgjafinn fyrir Ísland, samkvæmt ósk neðri deildar alpingis, skrifað utanríkisráðgjafanum hinn 24. f. m. á þá leið, er meðfylgjandi eptirrit sýnir. 6 12. jan.

Sömuleiðis þótti ráðgjafanum eiga við að senda Sick kammerherra þakkarávarp það, sem einnig fylgir af eptirrit, fyrir þá mikilsverðu hlutdeild, er hann átti í gjafasamskotunum hjer í landi.

Þetta er ekki látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að því við bættu, að ráðgjafinn var áður búinn að hlutast til um það við utanríkisráðgjafann, að prestinum Vermeer í Hollandi væri þakkað sjerstaklega.

1. Fylgiskjal.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til utanríkisráðgjafans danska frá 24. desbr. 1883. — Eptir ósk síðasta alpingis er utanríkisráðgjafinn hjermeð þjónustusamlega beðinn að leggja fyrir hina konunglegu sendiboða í London og Stokkhólmi, að flytja þeim mönnum á Englandi, í Svíþjóð og Noregi þakklæti stjórnarinnar fyrir Íslands hönd, er tóku þátt í samskotum síðastliðið ár handa bágstöddum Íslendingum.

Með því að hennar konunglega hátign prinsessan af Wales hefur verið svo náð-
20. d. febr. 1884.